

Miðvikudaginn 20. október 1976.

Nr. 189/1976. **Ákærvaldið**
 gegn
Kristjáni Jóni Jóhannssyni.

Dómenður:

**hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson
 og Þór Vilhjálmsson.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. október 1976, sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar. Kom varnaraðili á framfæri við dómara ósk sinni um kæru hinn 9. október s. á. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Hinn kærði úrskurður er eigi svo vandaður sem skyldi. Í forsendum úrskurðar er varnaraðili eigi nefndur fullu nafni, og er það óviðeigandi.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 8. október 1976

Ár 1976, föstudaginn 8. október, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Arnari Guðmundssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Síðan í lok júlí hefur allumfangsmikil fíkniefnarannsókn verið framkvæmd hér fyrir dómi og jafnhliða hjá ávana- og fíkniefnadeild Reykjavíkurlöggreglu.

Þann 16. sept. var framkvæmd húsleit að Suðurgötu 8 hér í borg. Þar í risibúð fundust m. a. 54 grömm af hassi, tvær vogir,

peningar, vel faldir, og fjöldinn allur af svonefndum hasspípum. Húsráðandi í risinu, Guðmundur Haraldsson, 19 ára, var handtekinn og úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald. Húsleit var framkvæmd samkvæmt úrskurði dómara um húsleit og jafnframt handtöku bræðranna Guðmundar Haraldssonar og Franklins Steiners svo og pilts, sem kallaður er Stjáni „gramm“ og hafði búið á Suðurgötunni í sumar. Forsendur úrskurðar voru byggðar á sjálfstæðum framburðum margra unglinga, sem höfðu sagt til um ítrekaða hasssölu Guðmundar og Stjána. Stjáni var úrskurðaður í allt að 20 daga gæsluvarðhald 18. sept., en við ítrekaðar yfirheyrslur hefur hann neitað allri aðild að málinu og kveðst aldrei hafa séð hass.

Við fyrstu yfirheyrslu lýsti Guðmundur því, að hann hefði keypt hassið af útlendingi einhverjum og verið búinn að nota hluta af því. Guðmundur hefur nú fyrir nokkru breytt verulega fyrri framburði og sjálfstætt lýst því, að hassið ætti Stjáni og hafi Stjáni skipt efninu í smásölupakkningar og þeir báðir selt af því. Þannig séu peningar, sem Guðmundur kvaðst hafa falið í risibúð, andvirði sölu. Guðmundur kvaðst hins vegar ekki fá sig til að segja, hvaðan efni væri komið, eða að tjá sig um fyrri sölur þeirra Stjána í sumar.

Fyrir liggur í málinu um sjálfstæðan innflutning og dreifingu Franklins Steiners, Gunnars Gíslasonar og Guðmundar Kristjáns-sonar á mörgum kílóum kannabisefta nú í sumar, og leikur grunur á, að Stjáni hafi komið þar nálægt efnismeðhöndlun.

Aðspurður hefur Franklín ekki staðfest, að svo sé, en Gunnar Gíslason hefur borið að hafa selt Magga á Lambhóli og Stjána „gramm“ gras í sumar, en Maggi hafi greitt.

Niðurstöður.

Rannsókn á þætti Kristjáns Jóns Jóhannssonar, sem kallaður er Stjáni „gramm“, er hvergi nærri lokið, og er margt óljóst enn það varðandi. Hann er ennþá grunaður um verulega dreifingu hassefta frá Suðurgötu 8 nú í sumar, en alfarið neitað öllum áburði sem röngum. Dómara þykir ekki tímabært að framkvæma samprófanir.

Með vísan til alls þess, sem að framan er rakið, þykir dómara óhjákvæmilegt að framlengja um sinn gæsluvarðhaldi Kristjáns, sem rennur út í dag, svo hann tefji ekki eða torveldi rannsóknina eða hafi tök á slíku, sbr. 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra

mála nr. 74/1974, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu, þar sem brot, ef sannast, getur varðað fangelsi.

Hæfilega þykir gæsluvarðhaldstíminn ákveðinn allt að 15 dögum.

Úrskurðarorð:

Kristján Jón Jóhannsson, fæddur 2. des. 1956, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum.

Föstudaginn 22. október 1976.

Nr. 10/1975. Pólarminkur h/f

(Þorsteinn Júlíusson hr.)

gegn

Guðlaugi Guðmannssyni (enginn).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Dómskuld greidd eftir uppsögu héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. janúar 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. janúar s. á. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem eigi hefur gagnáfrýjað málinu, tilkynnti Hæstarétti 1. október 1976, að meðstefndi í héraði, Loðdýr h/f, hefði greitt dómskuld samkvæmt héraðsdómi að fullu. Félli því framvegis niður þingsókn af hans hálfu. Hann hefur engar kröfur gert í málinu.

Eins og kröfugerð áfrýjanda er háttað og þar sem fram er komið, að stefndi hefur fengið fulla greiðslu samkvæmt dóms-